

## Systkinaafsláttur

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/ynngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt rekrum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Foreldrar greiða fullt gjald fyrir síðdegishressingu allra barnanna og fullt gjald vegna skráningar á langa daga. Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og fjölskyldunúmer og barn á frístundaheimili / í sértækri félagsmiðstöð.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Ef þjónusta er sagt upp, eða óskað er eftir breytingum, skal það gert fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót. Hægt er að segja upp þjónustunni á Rafrænni Reykjavík og með skriflegri tilkynningu til forstöðumanns.

Gjaldskrá 2019 fyrir vetrarstarf frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva

Þjónusta	Mánaðaverð	Síðdegishressing	Samtals
Vistun 5 daga	13.802	3.984	17.786
Vistun 4 daga	11.254	3.191	14.446
Vistun 3 daga	8.686	2.388	11.075
Vistun 2 daga	6.129	1.606	7.735
Vistun 1 daga	3.561	814	4.375
Lengd viðvera	2.071		

Ef þjónusta er nýtt kl. 8.00-13.40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það kr. 2.071 á dag og er þá talað um lengda viðveru. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimilunum/sértækra félagsmiðstöðvastarfinu frá kl. 13.40-17.00. Óskað er eftir skráningu á þessa daga. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í vistun þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga.